

Reykjavík, 9. nóvember 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
umsagnir@nefndasvid.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn lausasöluhóps SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 100/2020 (lausasölulyf)

Hinn 18. október síðastliðinn lögðu nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokks, Pírata og Viðreisnar fram lagafrumvarp á Alþingi þar sem efnislega er kveðið á um brottfall þess skilyrðis heimildar til sölu á tilteknum lausasölulyfjum í almennum verslunum að heimildina megi Lyfjastofnun einvörðungu veita þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð eða lyfjaútibú. Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi **lausasöluhóps SVP** – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Reynsla

Að mati lausasöluhópsins hefur reynsla af heimildinni verið afar jákvæð. Lyfjastofnun hefur haldið vel utan um umsóknir til nýtingar heimildarinnar, veitt upplýsingar um gildandi skilyrði og birt lista yfir þau lyf, styrkleika og pakkningar sem heimilt er að selja utan lyfjaverslana. Þá hefur stofnunin haldið úti greinargóðum leiðbeiningum um meðferð og sölu í slíkum kringumstæðum og eru þar m.a. settar fram kröfur til innkaupa, varðveislu lyfja og tilhögun smásölnnar auk þess sem fyrir þurfa að liggja verklagsreglur um þjálfun starfsfólks. Að auki hefur stofnunin beint því til verslana að starfsþjálfun fari fram. Samkvæmt upplýsingum lausasöluhópsins hafa 15 almennar verslanir nú heimild til smásölu tiltekinna lausasölulyfja og virðist reynsla Lyfjastofnunar af fyrirkomulaginu hafa verið góð. Er óhætt að halda því fram að fyrirkomulagið hafi bætt aðgengi landsbyggðarfólks og ferðamanna að nauðsynlegum lyfjum.

Hvaða lyf er heimilt að selja í almennum verslunum?

Lausasölulyf eru lyf sem heimilt er að selja hér á landi án ávísunar læknis, þ.e. án lyfseðils. Meðal þeirra eru væg verkjalyf, ofnæmislyf og magalyf, sem neytendur geta keypt og notað án aðkomu heilbrigðisstarfsfólks. Rétt er að taka fram að heimildin til sölu slíkra lyfja í almennri verslun er hins vegar mun þrengri en svo að hún nái til allra lausasölulyfja enda nær hún aðeins til þeirra lausasölulyfja sem Lyfjastofnun hefur heimilað að verði seld með slíkum hætti. Stofnunin birtir lista yfir lyfin og á honum lenda aðeins lyf sem stofnunin telur forsvaranlegt að selja utan lyfjaverslana.


Um heimildina

Undanþáguákvæði 3. mgr. 33. gr. laga nr. 100/2020 fól í sér nýmæli sem var lögfest að tillögu meiri hluta velferðarnefndar á 150. löggjafarþingi, sjá 6. tölul. breytingartillögu á [bskj. 1722](#) í 390. máli. Af umfjöllun meirihlutans í nefndaráli á [bskj. 1721](#) verður m.a. ráðið að lítið hafi til fyrirkomulags lausasölu lyfja á hinum Norðurlöndunum í aðdragandanum. Þá verður jafnframt af henni ráðið að vilji hafi staðið til þess að taka varfærið skref. Viðtökur neytenda hafa verið

jákvæðar og mikilvæg reynsla myndast. Fyrirkomulagið hefur þó vakið upp spurningar á borð við þá hvers vegna heimildin til smásölu lausasölulyfja í almennum verslunum sé háð þeim 20 km fjarlægðarmörkum sem Lyfjastofnun hefur ákveðið. Má í því samhengi t.a.m. benda á að stofnunin hefur í ljósi markanna hafnað að heimila sölu á stað sem einangrast jafnan nokkrum sinnum á ári vegna veðuraðstæðna.

Bls. | 2

Mynd 1: Standur með lausasölulyfjum í almennri verslun - séð yfir afgreiðsluborð N1 Staðarskála



Á mynd 1 má sjá þau lausasölulyf sem hafa verið á boðstólum í verslun N1 Staðarskála í Hrótafirði. Eins og sjá má er umfangið ekki mikið þrátt fyrir að í verslunina komi töluverður fjöldi viðskiptavina á degi hverjum. Úrvalið er takmarkað og endurspeglar það þá varfærni sem Lyfjastofnun hefur gætt við framsetningu [lista yfir lyf sem heimilt er að selja](#) með þessum hætti. Þá er staðsetning lyfjanna á bak við búðarborð í samræmi við [leiðbeiningar](#) stofnunarinnar.

Eftirfarandi eru myndir sem ætlað að vekja nefndarmenn í velferðarnefnd til vitundar um hve takmörkuð efnistillaga frumvarpsins er í raun og veru. Nágrannar okkar hafa þegar tekið mun stærri skref eins og myndirnar sýna. Umfangið hér á landi yrði mun minna. Þar að auki hefur Lyfjastofnun heimildir til að setja framsetningu og sölu málefnaleg mörk, m.a. á grundvelli áhættumats. Ná heimildir stofnunarinnar ekki aðeins til ákveða hvaða lausasölulyf eru sett í sölu heldur einnig til setningar annarra skilyrða. Samkvæmt upplýsingum lausasöluhópsins hafa samskipti almennra verslana og heildsala við Lyfjastofnun vegna sölu lausasölulyfja í almennum verslunum verið með ágætum.

Mynd 2: Nokkur ríki vestur-Evrópu sem heimila sölu lausasölulyfja í almennum verslunum



Bls. | 3


Á mynd 2 má sjá einfalda mynd sem sýnir nokkur ríki vestur-Evrópu sem heimila sölu lausasölulyfja í almennum verslunum. Eins og sjá má er Ísland í minni hluta ríkja þar sem slík takmörkun er við líði en einungis gráu ríkin heimila slíka sölu ekki.

Mynd 3: Lausasölulyf í almennri verslun í Svíþjóð



Á mynd 3, sem er tekin í verslun ICA í Svíþjóð, má sjá dæmi um framsetningu lausasölulyfja í almennri verslun. Þar eru sjálfval heimilað en sölustandi er hægt að loka og læsa þegar enginn starfsmaður er við afgreiðsluborð. Með sjálfvali er átt við að heimilt er að setja lyfin þannig fram í verslun að þau geti viðskiptavinir sjálfir sótt og handleikið fyrir sölu.


Mynd 4: Lausasölulyf í almennri verslun í Svíþjóð – sjálfval og sjálfsafgreiðslukassar



Bls. | 4

Á mynd 4 má sjá annað dæmi um framsetningu lausasölulyfja í almennri verslun í Svíþjóð, Coop. Lyfin eru í sjálfvali og aðeins steinsnar frá afgreiðslustandi eru sjálfsafgreiðslukassar þar sem unnt er að greiða fyrir lyfin.

Mynd 5: Lausasölulyf í almennri verslun í Danmörku



Á mynd 5 má sjá lausasölulyf við afgreiðslukassa almennrar verslunar í Danmörku. Þar er sjálfval heimilað.


Mynd 6: Lausasölulyf í Magasin du Nord



Bls. | 5

Mynd 6 útskýrir sig að mestu sjálf. Á henni má hins vegar sjá að umfang framsetningar lyfjanna er töluvert. Rétt er að taka fram að Magasin du Nord tók fyrir nokkru ákvörðun um að hætta sölu á tóbaksvörum og nýtti það verslunarrými sem losnaði undir lausasölulyf.

Mynd 7: Lausasölulyf í almennri verslun í Noregi



Á mynd 7 má sjá framsetningu lausasölulyfja í almennri verslun í Noregi. Þar eru nikótínlyf í sjálfvali en t.d. verkja- og kveflyf á bak við afgreiðsluborð.

Áhrif á samkeppni og neytendur

Rétt er að benda á að afstöðu Samkeppniseftirlitsins sem birtist í umsögn stofnunarinnar frá 4. nóvember síðastliðnum en það hefur talið rýmkun heimilda til lausasölu lyfja utan lyfjaverslana geta haft umtalsverð jákvæð áhrif á hagsmuni neytenda. Má þá niðurstöðu rekja

til þess að stofnunin sér fram á að fyrirkomulagið geti aukið verðsamkeppni. Vill lausasöluhópurinn eindregið hvetja nefndarmenn í velferðarnefnd Alþingis til að kynna sér vel umfjöllun sem finna má í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2021 og skýrslum Norrænu samkeppniseftirlitina, annars vegar frá árinu 2008 og hins vegar frá síðasta ári. Slóðir á álitnið og skýrslurnar eru eftirfarandi:

Bls. | 6

- Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2021: https://www.samkeppni.is/media/alit/Alit_1_2021-Til-radherra-um-smasolu-lyfja.pdf
- Skýrsla norrænu samkeppniseftirlitana frá 2008: https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2008/nordiskapotekerrapport_1_2008.pdf
- Skýrsla norrænu samkeppniseftirlitana frá 2021: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2021/Online-pharmacy-markets-.pdf>

Að lokum er rétt að taka fram að lausasöluhópurinn telur efni frumvarpsins eðlilegt en mjög varfærið framfaraskref. Leggur hópurinn áherslu á að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

f.h. lausasöluhóps SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Arnþór Jóhannsson
formaður